



UPPLÝSINGASTEFNA EIKAR FASTEIGNAFÉLAGS HF.

MARKMIÐ UPPLÝSINGASTEFNU

Meginmarkmið upplýsingastefnu Eikar fasteignafélags er að félagið veiti markaðnum tímanlega nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar um félagið í samræmi við lög og reglugerðir er varða félög á skipulegum verðbréfamarkaði, og reglur kauphalla þar sem félagið er með skráðan fjármálagjörning. Þannig tryggir félagið jafnan aðgang fjárfesta að upplýsingum um félagið og eykur þekkingu þeirra, og eftir atvikum annarra, á starfsemi félagsins.

UPPLÝSINGAR OG SAMSKIPTI

Eik fasteignafélagi ber að birta opinberlegar upplýsingar eins og mælt er fyrir um í lögum um verðbréfavíðskipti, reglugerðum og útgefendareglum kauphalla þar sem félagið er með skráðan fjármálagjörning (Nasdaq OMX á Íslandi). Fréttatilkynningar félagsins er lúta að upplýsingaskyldu er dreift í gegnum viðurkenndar fréttaveitur og eru þær birtar almenningi samtímis á evrópska efnahagssvæðinu eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. Þegar fréttir hafa verið birtar í fréttaveitu eru þær birtar á vef félagsins (www.eik.is).

Eik fasteignafélag stefnir að því að birta fréttir af starfsemi félagsins sem ekki falla undir upplýsingaskyldu þess á heimasíðu sinni og eftir atvikum senda fréttatilkynningar þess efnis til fjölmiðla. Félagið kappkostar að eiga í góðum samskiptum við hagsmunaaðila.

Félagið heldur reglulega kynningarfundir fyrir aðila markaðar, þ.e. greiningaraðila, fjárfesta, hluthafa og fjölmiðlamenn.

FJÁRFESTINGAR

Í þeim tilvikum þar sem fjárfestingar hafa veruleg áhrif á veltu félagsins, rekstrarhagnað eða stærð eignasafns, að mati stjórnenda, birtir félagið opinberlega tilkynningu um áhrif fjárfestinganna á rekstur félagsins.

ATVIK

Félagið leitast við að birta opinberlega upplýsingar þegar óvænt atvik eiga sér stað, að svo miklu leyti og hægt er og hagsmunir félagsins krefjist þess og lög og reglur heimila.

ÞAGNARTÍMABIL

Eik fasteignafélag mun að meginstefnu ekki tjá sig um málefni sem varða afkomu eða rekstur félagsins, nema félaginu sé það skylt samkvæmt lögum og reglum, þremur vikum frá því að uppgjörstímabili lýkur og fram að birtingu uppgjörs.

TALSMANNAÐUR FÉLAGSINS

Forstjóri Eikar fasteignafélags er talsmaður félagsins. Hann getur veitt öðrum starfsmönnum eða ráðgjöfum tímabundna heimild til þess að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar. Stjórnarformaður er talsmaður félagsins þegar um meiriháttar ákvarðanir stjórnar er að ræða.

ÞANNIG SAMÞYKKT Á STJÓRNARFUNDI HINN 30. MAÍ 2016.